



ÖKUKENNARAFÉLAG ÍSLANDS

ISLANDS TRAFIKSKOLE UNION / THE ICELANDIC UNION OF DRIVING SCHOOLS ASSOCIATIONS

Alsherjarnefnd Alþingis *Alþingi*
Austurstræti 8-10 *Erindi nr. P 127, 2002*
150 Reykjavík *komudagur 15.4.2002* Reykjavík, 15. apríl 2002

Umsögn Ökukennarafélags Íslands um umferðaröryggisáætlun 2002 – 2012.

Það er skoðun Ökukennarafélags Íslands að umferðaröryggisáætlun þessi sé á heildina litið mjög góð og stuðli að auknu öryggi í umferðinni.

Ökukennarafélagið hefur þó eftirfarandi athugasemdir:

1. Í grein 5.4.6 segir m.a.: “Um 90% ungmenna á aldrinum 16-17 ára fara í ökunám til almennra ökuréttinda hér á landi. Sambærileg tala fyrir nágrannalönd er á bilinu 25-30%. Þar sem ökunám til almennra ökuréttinda er svo algengt hér á landi má athuga þátttöku framhaldsskólakerfis í kennslu til almennra ökuréttinda.”

Ökukennarafélagið lítur svo á að eðlilegt sé að ökuskólar sinni þessari kennslu. Ökukennarar hafa rekið ökuskóla fyrir almenn ökuréttindi síðan 1968 og nú hefur verið sett í reglugerð að ökuskólar þurfa starfsleyfi Umferðarráðs og er nú skyldunám í ökuskóla 24 kennslustundir. Ökukennarafélagið telur einnig að það sé andstætt stefnu ríkisstjórnar að einkavæða verkefni sem eru og hafa verið unnin á almennum markaði.

2. Í grein 5.4.9 segir m.a.: “Færa þarf skrifleg próf til aukinna ökuréttinda sem hafa verið framkvæmd á vegum einkarekinna ökuskóla í sama horf og skrifleg próf til almennra ökuréttinda. Opinberu eftirliti með ökuskólum til aukinna ökuréttinda verði þannig fært í það aðhald sem felst í samræmdum skriflegum prófum.”

Það er skoðun Ökukennarafélagsins að þetta sé ekki til bóta, enda hefur félagið skriflega óskað eftir því við dómsmálaráðuneytið að skrifleg próf í almennum ökuréttindum færist inn í skólana. Prófin geta eftir sem áður verið samræmd og lögð fyrir af starfsmönnum Umferðarráðs.

Annað nám sem veitir réttindi hvar sem er í skólakerfinu endar með prófi sem viðkomandi skóli eða menntastofnun annast. Þá skal það áréttað að ökuskólar þurfa starfsleyfi Umferðarráðs sem jafnframt hefur eftirlit með starfsemi þ.m.t. framkvæmd prófa. Það er hins vegar álit Ökukennarafélagsins að Umferðarráð hafi ekki sinnt því hlutverki á fullnægjandi hátt og óréttlátt að starfsemi á vegum ökukennara líði fyrir það.

Það vita allir sem einhverja þekkingu hafa á ökukennslu að hægt er að kenna bæði fræðilega og verklega með tvennum hætti það er annars vegar fyrir próf og hins vegar á þann hátt að nám og þjálfun nýtist viðkomandi ökumani út í lífið. Með þessum orðum vill Ökukennarafélagið halda því fram að prófin sem slík hafa ekki mjög mikið gildi heldur kennsla og þjálfun. Þess vegna væri aukið eftirlit vænlegra til árangurs.

Virðingarfyllst,
f.h. Ökukennarafélags Íslands

Guðbrandur Bogason, formaður

Aðsetur:	Póstfang:	Pósthólf 9164	Sími:	Fax:	Kennitala:
Þarabakki 3	109 Reykjavík	129 Reykjavík	567 0300	567 0370	420369-6709
Office:	Mailing address:	129 Reykjavík	Telephone:	Telefax:	E-mail:
Þarabakki 3	IS-109 Reykjavík		354 567 0300	354 567 0370	okukfel@simnet.is